

Fundargerð Öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 3. júní 2020 kl. 17.30 á Hangouts

Mætt: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Símonarson, Elsa Kristín Sigurðardóttir, Erla Sigurðardóttir.

Gestur: Helga Katrín Stefánsdóttir formaður AKÍS

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

Munum framvegis reyna að skrifa samtímis og samþykkja í lok hvers fundar.

2. Reglugerðin um nefndina

Það er á ábyrgð nefndarinnar að sjá um menntun öryggisfulltrúa. Síðasta námskeið fyrir þá virðist hafa verið haldið 2013 ! Forgangsverkefni að sinna þessu, verðum allavega að vera komin með í lag fyrir næsta á, erfitt að gera eitthvað núna þegar keppnistímabilið er komið á fullt.

Aðalbjörg upplýsir að væntanleg sé reglugerð um keppnishald, þar verða skilgreind a.m.k. almenn atriði um hlutverk keppnishaldara.

Ákveðið að sjá hvað verður í reglugerðinni og taka málið áfram seinna í sumar eða haust.

3. Kynning á nefndinni

Ákvðið að senda kynningu á nefndinni og meðlimum hennar í tölvupósti á keppnishaldara og keppnisráð og fylgja eftir með símtölum og beinum persónulegum tengingum innan greina. AS gerir uppkast að kynningu og deilir með hinum til umsagnar og lagfæringa.

einnig rætt að nefndarmenn mæti á keppnir í öðrum greinum og séu sýnilegir.

4. Sniðmát að öryggisáætlun fyrir keppnir

Elsa er búin að óska eftir gögnum frá Írskum aðila til að styðjast við.

Ákveðið að nota þetta sumar til að vinna sniðmát að öryggisáætlun og fá jafnvel keppnishaldara til að spreyta sig á að nota til prufu.

Elsa talar við Ian Sykes hvort hann lumi á einhverju efni og sé e.t.v. tilbúinn að koma að fræðslu.

5. Fræðsla til keppenda um öryggismál og notkun öryggisbúnaðar

Hlerum aðila í sumar með hvað er líklegast til að virka fyrir mismunandi greinar, setjum svo í gang á næsta tímabili.

6. Önnur mál

- Covid-19 - lítið sem við gerum sérstaklega umfram tilmæli landlæknis, mikilvægt að keppnishaldarar kynni sér þær rækilega. Kom fram að blikur eru á lofti um einhverjar torfærukeppnir í sumar vegna fjöldatakmarkana.
- Næsti fundur 23. júní kl. 17.30.

Fundi slitið kl. 18.29

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson